



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Minnisblað

Á 90. fundi ráðsins, 24. mars 2023, var samþykkt tillaga Borgarsögusafns að farga gömlum trébáti í eigu borgarinnar (sjá minnisblað BOS23030002), en jafnframt lögð fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Borgarsögusafns er að bátnum Erninum verði fargað þar sem hann er í reynd ónýtur, er ekki skráður sem safngripur og hefur afar takmarkað menningarsögulegt gildi að mati sérfræðinga. Með virðingu fyrir gjöfinni á sínum tíma og þeim hlutverkum sem báturinn hefur vissulega gengt m.a. í kvikmyndasögunni er vert að skoða hvort efna mætti til viðburðar þegar báturinn verður fargað þar sem sagan verði reifuð eða hvort hægt sé að nota efniviðinn í listrænum tilgangi.

Í kjölfarið varð nokkur umfjöllun um málið í fjölmiðlum og nokkrir aðilar höfðu samband við Borgarsögusafn, til að fá frekari upplýsingar um bátinn og einhverjir lýstu áhuga á því að fá hann til viðgerðar. Ræddi safnstjóri við þá og tók niður upplýsingar um viðkomandi og þær hugmyndir sem þeir höfðu, sem var allt frá viðgerð til að sökkva báturinn fyrir kafara. Næsta skref í málinu var að kalla eftir fleiri áhugsömum og fá enn nánari upplýsingar og var frétt um málið birt á vef Reykjavíkurborgar. Óskað var eftir nafni á tengilið, hugmyndum um hvað gera ætti við bátinn og hvort það væri í menningarlegum tilgangi, staðsetningu og eins hvort um væri að ræða samstarfsverkefni fleiri aðila. Loks var óskað eftir staðfestingu á að afhending bátarins verði án allra kvaða. Skilafrestur á þeim gögnum var 20. júní og alls búrúst þrjú erindi. Þau voru öll vönduð og góð og báru þess merki að metnaður og geta býr að baki þeim hugmyndum.

Eiríkur Björn Björgvinsson
sviðsstjóri MÍR

Guðbrandur Benediktsson
safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur



Fylgigögn:

1. Þorgrímur Ómar Tavsén

Þorgrímur Ómar Tavsén heiti ég og hef síðastliðin ár unnið að því að koma upp smábátasafni sem sérhæfir sig í sýningu súðbyrtra trébáta og veiðarfæra tengdum smábátum á Íslandi. Smábátasafnið er staðsett niðri við Héraðsvötnin í Skagafirði, nánar til tekið að Ytri-Húsabakka, mitt á milli Varmahlíðar og Sauðárkróks, um 7 km fyrir neðan Glaumbæjarsafn. Á safninu má sjá mismunandi byggingarlag báta sem hafa verið smíðaðir víðsvegar um landið, einnig er einn bátur smíðaður í Noregi árið 1900 og annar frá Færeyjum smíðaður 1942. Í grunninn er smábátasafnið byggt á bátasmiði Þorgríms Hermannssonar afa míns, sem kenndi mér undirstöðurnar í smíði trébáta, ásamt munum til smábátaveiða sem ég hef safnað sl. 40 ár. Þorgrímur Hermannsson bátasmiður var Hofsósingur og lengst af bátasmiður þar. Eftir hann lágu um eitt hundrað bátar en líklega eru ekki nema um tuttugu bátar eftir, af þeim hef ég fengið fimm til varðveislu.

Ekki er neitt starfandi sérhæft smábátasafn á Íslandi og því er mikill fengur að þess konar safni. Safn af þessu tagi er mikilvæg viðbót við önnur söfn á svæðinu, má þar nefna Glaumbæjarsafn, Búminjasafnið í Lindarbæ og Samgöngumínjasafnið í Stóragerði og hef ég rætt við eigendur og safnverði þessara safna um samvinnu, annars er ekki um aðra samstarfsaðila að ræða sem við kemur þessu safni.

Hugmyndir mínar um framtíð Arnarins eru að koma honum í sýningarhæft ástand með það að markmiði að stöðva frekara niðurbrot þannig að almenningur geti notið þess að sjá hvernig byggingarlag var hér á Víkingaöld. Báturinn verður staðsettur hér í Skagafirði til framtíðar.

Ég hef skoðað bátinn og veit allt um ástand hans og veit að hverju ég geng og staðfesti að afhending bátarins verði án allra kvaða af hendi Reykjavíkurborgar.

2. Svavar Sigmundsson

Okkar plan er að koma skipinu fyrir hér á Akureyri á lóð sem er á Eyrinni og er í gönguleið frá höfninni að miðbænum. Það er okkar stefna að hafa aðgengið að skipinu gott og opið fyrir alla sem áhuga hafa á að skoða, verið er að vinna hugmynd af því hvernig aldagömul smiðja og vikingaskipið geti verið staðsett á sömu lóðinni. Sjálf uppgerðin á skipinu færi fram á þessari lóð fyrir alla að fylgjast með, stutt er yfir í Slippinn þar sem hægt er að beygja borð í gufukistu sem hefur verið notuð í áratugi til þessara verka. Og smiðjan á lóðinni verði virkjuð í þetta verkefni.

Í hópnum sem hyggst veita skipinu liðsinni sitt auk mín sem er Vélfræðingur, lærður tréskipasmiður sem starfaði við tréskipasmiði meðan hún var og hét og mun hafa þá faglega ábyrgð á því að uppgerðin sé framkvæmd í takti við tréskipasmiða reglur / hefðir. Einn Rafeindavirki sem starfað hefur í 35 ár við smábáta hér á Norðurlandi, sá hefur gert upp tvo trébáta á síðustu 5 árum og með því bjargað þeirra tilvist og er með fullkomið trésmiðaverkstæði steinsnar frá áætlaðri staðsetningu skipsins. Tveir ungir Vélfræðingar (23 og 31 árs) vilja leggja málefnið lið, sem og einn byggingaverkfræðingur sem vill koma að samþættingu í endurbyggingu smiðjunnar og skipsins. Hvernig þessi tvö verkefni komi til með að vinna saman. Auk annara aðila sem lýst hafa áhuga á því að vera með og styðja þetta verkefni ef af því verður. En þessir framantaldir eru svona kjarninn í þessum hóp. Áætlað er að uppgerðin taki 3-5 ár og skipið verði áfram aðgengilegt á sama stað fyrir alla sem vilja skoða það um ókomin ár. Að aflokinni uppgerð er líka í okkar plönnum að sigla skipinu á hátíðisdögum yfir sumarmánuðina, það er langtíma markmið. Ég ætla ekki að hafa þessar skýringar lengri, en áhugi á skipinu er sannarlega til staðar hér og mín skoðun er sú að skipinu verði gerður góður griðastaður með því að velja Akureyri sem framtíðar stað fyrir skipið.



3. Victor Berg Guðmundsson

Við viljum koma bátnum fyrir við Hjörleifshöfða þar sem fólk getur skoðað Örninn, kynnt sér landnámssöguna og sögu Mýrdalshrepps.

„Hjörleifur tók land í Hjörleifshöfða og var þá þar fjörður og horfði botninn inn af höfðanum. Hjörleifur lét gera þar skála tvo og er önnur tóftin átján faðmar en hinn nítján“. Í Landnámabók getur um einn fyrsta bústað norrænna manna á Íslandi í Hjörleifshöfða með komu Hjörleifs Hróðmarssonar, fóstbróður Ingólfs Arnarsonar, í upphafi landnáms.

Útræði var stundað í Mýrdal allt fram á fjórða áratug þessarar aldar. Róið var út frá Dyrhólaey, Reynisfjöru, Pétursey og frá Mariuhliðinu út frá Jökulsá á Sólheimasandi. Sökum hafnleysu og erfiðra lendingarskilyrða var atvinna þessi hættum búin og stopul mjög því oft gaf illa í sjóinn og stundum ekki hægt að róa út. Var þetta mannfrek atvinna því róið var yfirleitt á þungum sex- og áttæringum.

Við myndum vilja hafa bátinn til sýnis við Hjörleifshöfða yfir sumartímamann. Það vill svo vel til að í hópi eigenda eru tveir faglærðir húsasmíðameistarar sem sérhæfa sig í byggingu timburhúsa og kunna því vel til verka þegar kemur að viðgerð og verndun. Við myndum taka bátinn inn í iðnaðarhúsnæði, skoða vandlega og gera nauðsynlegar viðgerðir til þess að vernda bátinn. Það stendur ekki til að gera hann sjófæran. Á vetrartíma verður bátnum komið í skjól, hlúð að viðgerðum og verndun.

Hvað varðar menningarlega tengingu þá var útræði stundað í Mýrdal allt fram á fjórða áratug þessarar aldar. Róið var út frá Dyrhólaey, Reynisfjöru, Pétursey og frá Mariuhliðinu út frá Jökulsá á Sólheimasandi. Sökum hafnleysu og erfiðra lendingarskilyrða var atvinna þessi hættum búin og stopul mjög því oft gaf illa í sjóinn og stundum ekki hægt að róa út. Var þetta mannfrek atvinna því róið var yfirleitt á þungum sex- og áttæringum.

Við viljum endurvekja fyrri frægð og setja Örninn, kvikmyndastjörnuna sem hefur leikið stór hlutverk í nokkrum íslenskum kvikmyndum í þann búning og leyfa ferðmönnum að skoða bátinn og kynna sér söguna. Báturinn verður staðsettur við Hjörleifshöfða þar sem Hjörleifur Hróðmarsson tók land sem þá var fjörður, og horfði botninn inn að höfðanum. Við hjá Viking Park erum að byggja upp sögutengda ferðaþjónustu við Hjörleifshöfða og Hafursey. Innviðaupbygging við Hjörleifshöfða verður í samstarfi við Sanna Landvætti. Afhending bátarins til Viking Park Iceland verður án allra kvaða af hendi Reykjavíkurborgar.

Þess má geta að eigendur Viking Park Iceland komu að varðveislu Skaftfellings í Mýrdalshreppi. Skaftfellingur hélt uppi samgöngum frá Reykjavík um Vestmannaeyjar austur í Skaftafellssýslur á árunum 1918-1939 og eftir það milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur fram til ársins 1959.

Það er óhætt að segja að við erum mjög spenntir fyrir því að fá Örninn í Mýrdalshrepp þar sem við munum ásamt öðrum heimamönnum sjá um viðgerð, viðhald og verndun í þeim tilgangi að fólk geti skoðað bátinn og kynnt sér söguna á sögufrægum slóðum landnáms.



Aðrir aðilar sem sýndu málinu áhuga og höfðu samband við Borgarsögusafn, en sendu ekki inn formlegt erindi:

- Davíð Lúther Sigurðarson. Er að gera upp torfbæ við Hafnir og vill styrkja ferðaþjónustuna. Hann hyggst hafa bátinn hjá tilgátutorfbænum, uppi á landi, óvíst um lagfæringar á honum.
- Gunnar Arngrímur Birgisson, kafari. Vill að bátnum verði sökkkt nærri Reykjavík, svo hann verði aðdráttarafli fyrir kafara: gunnikafari@gmail.com / 820-1004
- Hrafn Gunnlaugsson, kvikmyndaleikstjóri. Hefur áhuga á að fá bátinn á Laugarnestanga og hafa meðal annarra muna, eða sviðsmýnda, er tengjast kvikmyndagerð hans.
- Kristinn Þór Egilsson, Hnjóti. Óskar eftir því að taka Örninn í sína vörslu öllum að kostnaðarlausu og gera hann upp við flugskýlið á Hnjóti. Þetta er ekki í samvinnu við safnstjórnann á Hnjóti.